

4. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn föstudaginn 19.maí 2023 kl. 14:00. Fundurinn verður er haldinn á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru til fundar Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Bjarnheiður J. Fossdal Melum1, Delphine Briois Kjörvogi, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík og Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði er á fjarfundi.

Dagskrá fundarins;

1. Ársreikningar fyrir árið 2022, fyrri umræða.
2. Fara yfir fundargerð síðasta fundar, uppfæra upplýsingar.
  - a) Samningur við Orkubú/samningur við Vegagerð.
  - b) Velferðarþjónusta Vestfjarða, Strandabyggð óskar eftir að vera með.
  - c) Framkvæmdir við Norðurfjarðarhöfn.
  - d) Undirbúningur f.sumarið.
  - e) Halda áfram athugunum á uppsetn. varmadæla í skóla og skólaþúð.
  - f) HMS -húsnæðisáætlun fyrir 2023.
  - g) Sorpsamlag framhald, - úrvinnslugjald - fundargerð stjórnar.
- 3.Fundargerð Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna, lögð fram til kynningar og umfjöllunar ásamt þjónustusamningi.
4. Árneshreppur skipaður í Umdæmisráð landsbyggðar af ráðherra, lagt fram til kynningar og umræðu.
- 5.Skipulagsstofnun vegna skipulagsgáttar.
- 6.Tölvupóstur frá Innviðaráðuneyti varðandi sameiningar sveitarfélaga.
- 7.Vegahandbókin, upplýsingum bætt við um Árneshrepp, lagt fram til kynningar.

1. Ársreikningar fyrir árið 2022, fyrri umræða. Halldóra fór yfir rekstrartölur, efnahagsreikning, eigið fé og skuldir, sjóðstreymisyfirlit, hækkun á handbæru fé. Einnig var farið yfir skýringar á ýmsum liðum, og viðauka vegna sameiginlegs rekstrar byggðasamlaga, ennfremur farið yfir útstandandi skuldir sem tengjast bæði ljósleiðaratengingum og tekjur af Norðurfjarðarhöfn. Lauslega farið yfir sundurliðun ársreiknings 2022. Drög að Endurskoðunarskýrslu sem Lilja Dögg

fór yfir og verður tekin fyrir við síðari umræðu ásamt stjórnarsýsluskýrslu.

291.

2. Fara yfir fundargerð síðasta fundar, uppfæra upplýsingar.

a) Samningur við Orkubú/samningur við Vegagerð. Samningur milli Árneshrepps og Vegagerðarinnar er frágenginn. Oddviti hefur sent bréf til Orkubúsins varðandi drög að samningi um samstarf hreppsins og Orkubúsins.

b) Velferðarþjónusta Vestfjarða, Strandabyggð óskar eftir að vera með. Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir samhljóða að Strandabyggð geti gerst aðili að Velferðarþjónustu Vestfjarða.

c) Framkvæmdir við Norðurfjarðarhöfn. Arinbjörn gaf smá yfirlit yfir stöðuna, Rob hjá hafnadeild Vegagerðarinnar verður okkur til fulltingis hvað varðar kostnaðaráætlun og fleira.

d) Undirbúningur fyrir sumarið. Athuga þarf hvað næsta stig verður með vatnstankinn, aðeins var rætt um nýju kirkjuna, rafmagnsmálin líka tekin fyrir bæði hvað varðar tengla á stóru bryggjuna og ljós í kaffihorninu í búðinni. Oddviti óskar eftir aðstoð við að gera nýja gjaldskrá fyrir Norðurfjarðarhöfn.

e) Halda áfram athugunum á uppsetn. varmadæla í skóla og skólaíbúð og félagsheimilið. Hægt er að sækja um styrki fyrir svona verkefni, þar sem íbúar eru til staðar. Oddviti hefur rætt þetta mál við þá sem eru að vinna að þessum verkefnum.

f) HMS -húsnæðisáætlun fyrir 2023. Húsnæðisáætlun Árneshrepps fyrir árið 2023 lögð fram til samþykktar. Hreppsnefnd samþykkir húsnæðisáætlunina samhljóða.

g) Sorpsamlag framhald, - úrvinnslugjald - fundargerð stjórnar. Ársreikningur Sorpsamlagsins hefur verið samþykktur og verður sendur sveitarfélögum. Sorpsamlagið mun hafa með höndum samskipti við Úrvinnslusjóð.

3. Fundargerð Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna, lögð fram til kynningar og umfjöllunar ásamt þjónustusamningi. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða nýjan Þjónustusamning milli eigenda Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna.

4. Árneshreppur skipaður í Umdæmisráð landsbyggðar af ráðherra, lagt fram til kynningar og umræðu. Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við málið.

5. Skipulagsstofnun vegna skipulagsgáttar. Ákveðið var að taka strax til starfa varðandi endurnýjun á aðalskipulagi Árneshrepps sem rennur út 2025.

6. Tölvupóstur frá Innviðaráðuneyti varðandi sameiningar sveitarfélaga. Hreppsnefnd tekur jákvætt í skoða þessi mál og oddvita var falið að gera uppkast af svári til Innviðaráðuneytisina.

7. Vegahandbókin, upplýsingum bætt við um Árneshrepp, lagt fram til kynningar. Nokkur atriði þarf að laga og bæta.

8. Fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar Árneshrepps tekin fyrir og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30